

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1852
komudagur 9.5.2005



HÁSKÓLI ÍSLANDS

AKADEMÍSK STJÓRNSÝSLA

Frá: Kennslumálanefnd Háskóla Íslands

Til: Skrifstofu rektors

Dags. 19.04.05

Mál nr. 05040026

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýtt tækifæri til náms sem er 144. mál á 131. löggjafarþingi

Kennslumálanefnd hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um nýtt tækifæri til náms og leggur til að umsögn Háskóla Íslands um ofangreinda þingsályktunartillögu tiltaki eftirfarandi:

Í nútímasamfélögum er menntun ekki aðeins mikilvæg undirstaða þekkingar og verkfærni á atvinnumarkaði heldur jafnframt snar þáttur í sjálfsmynd fólks og menningu þess. Það er líka ljóst að fólk nýtur menntunar í mismiklum mæli og heita má að samkomulag sé nú um að það hljóti að vera stöðugt og viðvarandi verkefni nútímasamfélags að sjá sem allra flestum fyrir eðlilegum tækifærum til náms.

Háskóli Íslands telur að viðeigandi rannsóknir, áætlanir og framkvæmdir í því skyni séu nauðsynlegar. Skólinn telur því að verkefni af þeim toga sem mælt er með í umræddri þingsályktunartillögu séu eðlileg og skynsamleg. Með þessu er ekki tekin sérstök afstaða til einstakra liða í greinargerð tillögunar, en minnt á að gildi menntunar er víðtækt og skiptir máli í margvíslegu tilliti, þar sem verkfærni í atvinnulífi er vissulega mikilvægur þáttur.

Hreinn Pálsson

Hreinn Pálsson, prófstjóri
ritari kennslumálanefndar